

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

## Húsnæðismál Dansfélagsins Bíldshöfða

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 22. ágúst 2022 var vísað til umsagnar ÍBR og ÍTR erindi Dansfélagsins Bíldshöfða vegna húsnæðismála félagsins.

Þegar styrkir til félaga eru ákvarðaðir er horft til fjölda iðkenda og keppenda og tímamagn út frá reglum um styrki vegna æfinga- og keppni.

Þegar Dansfélagið Bíldshöfði dró sig út úr samstarfi við Dansfélag Reykjavíkur var reiknaður á félagið styrkur á þeim forsendum. Síðan þá hefur verið bætt jafnt og þétt við styrkinn til félagsins enda hefur iðkendum fjölgað og starfsemi aukist. Á sama tíma hefur styrkur til Dansfélags Reykjavíkur lækkað. Miðað við núverandi þátttökutölur þá er það mat ÍBR og ÍTR að núverandi styrkur til DB sé í samræmi við það sem önnur sambærilega stór félög fá. Það er ljóst að heildarstyrkir til félaga sem eru í leiguhúsnæði duga ekki til að uppfylla óskir þeirra um styrki. Það ástand hefur heldur versnað eftir að verðbólga jókst með tilheyrandi hækkunum á leigukostnaði.

Ómar Einarsson  
sviðsstjóri ÍTR

Frímann Ari Ferdinandsson  
framkvæmdastjóri ÍBR